



Verkföll Blaðamannafélags Íslands

Samtökum atvinnulífsins hefur borist túlkun BÍ á framkvæmd verkfalla skv. boðun dags. 31. október 2019.

Verkfallsboðun fyrir 8., 15. og 22. nóvember n.k. tekur til ljósmyndara og tókumanna Árvakurs hf., Ríkisútvarpsins ohf., Sýnar hf. og Torgs ehf. og þeirra blaða- og fréttamanna sem starfa hjá netmiðlum þeirra.

SA áréttar að það eru félagsmenn Blaðamannafélagsins á vefmiðlum sem leggja niður störf. Starfið sjálft fer ekki í verkfall og vefurinn lokast ekki. Verkfall nær hvorki til félagsmanna annarra stéttarféлага eða ófélagsbundinna starfsmanna vefmiðlanna.

- Verkfall nær ekki til starfa eða starfsgreina, einungis þeirra félagsmanna sem sinna tilteknum störfum og verkfallsboðun nær til.
- Verkfall nær til félagsmanna þess stéttarfélags sem boðar verkfall, ekki annarra, sbr. m.a. dóma Félagsdóms í málum nr. 8/1944, 4/1987 og 11/1997.
- Félagsmenn í öðrum stéttarfélögum eiga að sinna störfum sínum eins og áður.
- Stjórnendum er heimilt að ganga í störf starfsmanna í verkfalli, sbr. m.a. dóma Hæstaréttar í málum nr. 151/1985, 287/1989 og 3/1992. Þeim sem hafa á hendi framkvæmdastjórn fyrirtækja er heimilt að ganga í störfin óháð félagsaðild enda falla þeir utan gildissviðs kjarasamninga og verkfallsboðun nær þ.a.l. ekki til þeirra. Stjórnendur einstakra þátta atvinnurekstrar er einnig heimilt að ganga í störfin standi þeir utan BÍ.
- Ef stjórnandi fellur undir gildissvið kjarasamnings og er félagsbundinn í stéttarfélagi í verkfalli þá leggur hann niður störf eins og aðrir félagsmenn.
- Útgefendur þurfa að meta hvernig þeir nýta starfskrafta félagsmanna BÍ sem sinna öðrum störfum auk vefmiðla. Ef starf við vefmiðla er að fullu aðskilið frá öðrum störfum leggja þeir niður störf tiltekinn hluta dagsins og falla þá af launaskrá. Ef starf á vefmiðli er samþætt öðrum störfum er umdeilanlegt hvort verkfallsboðun geti náð til þeirra. Útgefendur munu þó ekki að sinni að gera athugasemd við það að þeir blaðamenn leggi niður störf.

Samtök atvinnulífsins minna á að stéttarfélögum og „verkfallsvörðum“ er óheimilt samkvæmt lögum að beita valdi við verkfallsvörslu eða hindra lögmæta starfsemi. Rísi ágreiningur um framkvæmd verkfalla heyrir hann undir Félagsdóm.